



Reglur um sérstaka íþrótt- og tómstundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum skólaárið 2020-2021

Í fjáráukalögum fyrir árið 2020, sbr. lög nr. 26/2020, nr. 36/2020, um afmarkaðar og tímabundnar ráðstafanir til að bregðast við áhrifum COVID-19 faraldursins, var samþykkt 600 m.kr. framlag til sveitarfélaga í því skyni að gera þeim kleift að veita styrki til tekjulágra heimila þannig að öll börn geti óháð efnahag stundað íþróttir og aðrar tómstundir. Styrkirnir eru veittir af sveitarfélögum á grundvelli VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

1. gr.

Fyrir lok skólaárs 2020-2021 skal Fjarðabyggð greiða íþrótt- og tómstundastyrk með börnum fæddum á árunum 2005 til 2014 á tekjulágum heimilum, þ.e. sem eru með lögheimili á heimili þar sem heildartekjur framfærenda, einstaklings, hjóna eða sambúðarfólks, voru að meðaltali lægri en 740.000 kr. á mánuði á tímabilinu mars til júlí 2020.

Styrk skal greiða vegna kostnaðar við íþrótt- og tómstundastarf á skólaárinu 2020-2021, allt að 45.000 kr. fyrir hvert barn.

2. gr.

Íþrótt- og tómstundastyrk skal greiða samkvæmt umsókn til Fjarðabyggðar. Umsókn skal berast fyrir 1. mars 2021 og miða skal við að íþrótt- og tómstundaiðkunin fari fram á skólaárinu 2020-2021.

Áður en umsækjandi sækir um styrkinn kannar hann rétt sinn hjá Ísland.is. Þar fær hann sjálfvirka niðurstöðu um hvort hann uppfylli tekjuviðmið skv. 1. gr. reglnanna, ásamt leiðbeiningum um næstu skref. Þegar sjálfvirk niðurstaða liggur fyrir sækir umsækjandi um styrkinn hjá Fjarðabyggð. Sótt er um styrkinn á íbúagátt Fjarðabyggðar. Meðferðarteymi fjölskyldusviðs tekur ákvörðun um úthlutun styrks á grundvelli umsóknar að fengnum gögnum um kostnað umsækjanda við íþrótt- og tómstundastarf barnsins á árinu 2020.

3. gr.

Um málsmeðferð, þ.m.t. kærueimild, fer samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Fjarðabyggð 20. nóvember 2020


Jón Björn Hákonarson
bæjarstjóri

Samþykkt á fundi félagsmálanefndar 10.nóvember 2020

Samþykkt á fundi bæjarráðs 16.nóvember 2020

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar 19.nóvember 2020

Fjarðabyggð
Hafnargötu 2
730 Fjarðabyggð

Sími 470 9000
www.fjardabyggd.is
kt.470698-2099

Mjóifjörður
Norðfjörður

Eskifjörður
Reyðarfjörður

Fáskrúðsfjörður
Stöðvarfjörður

Breiðdalur